

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

OKTÓBER 2009

10. tbl. 16. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



**Slökkvitækja-
þjónustan**

☎ **564 1433**

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



vörður

www.vordur.is

borgarblod.is



Hluti vinakeðjunnar sem nemendur mynduðu um Hólabrekkuskóla í lok vinaviku í skólanum. Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri stendur að baki nemendum til hægri á myndinni.

Vinakeðja um Hólabrekkuskóla

Allir nemendur Hólabrekkuskóla fóru út á skólalóð og föðmuðu skólann sinn utandyra með því að mynda vinakeðju í kringum um húsið þar sem nemendur héldust í hendur í lok vinaviku sem fór fram í skólanum dagana 21. til 25. september sl.

Vinavikan fór fram í anda skólastefnunnar Uppeldis til ábyrgðar og Olweusar-áætlunarinnar gegn einelti. Meðan á vinavikunni stóð var einkum unnið með þarfirnar; umhyggju, frelsi, áhrif og gleði og hver dagur var sérstak-

lega tengdur einni þörf.

Að sögn Hólmfríðar G. Guðjónsdóttur, skólastjóra tókst vinavikan vel. Allir bekkir í Hólabrekkuskóla eiga sinn vinabekk innan skólans. Á tímabilinu meðan vinavikan stóð yfir, hittust nemendur og voru kynntir fyrir eldri og yngri vinum sínum þeim til ánægju og afhentu sumir bekkir gjafir sem þeir höfðu sjálfir útbúið. Bekkj-
arfundir voru einnig haldnir sem tengdust vináttunni og eineltismálum. Á lokadegi vinavikunnar voru nemendur og starfsmenn

skólans hvattir til að mæta í rauðum fötum. Margir mættu í rauðum peysum eða bolum og myndaðist skemmtileg stemning þegar nemendur komu saman í matsal og rautt þemað var áberandi. Þá má geta þess að endurgerð skólalóðar Hólabrekkuskóla lauk nú á haustdögum. "Nýja skólalóðin sinnir vel sínu hlutverki og er afar nemendavæn. Hún hentar vel til kennslu og er einnig góður vettvangur fyrir íbúa hverfisins," sagði Hólmfríður G. Guðjónsdóttir, skólastjóri í samtali við Breiðholtsblaðið.

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



**Big
papas
pizza**

Mjódd

800-9999

**Opið
16 - 22**

bigpapas.is

Fullt af tilboðum
Besta verðið
Frábærar pissur
100% Ísl. ostur



Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Útsala á nautakjöti

Folaldakjöt af nýslátruðu



Pín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788

- á traustum grunni

*Eina kjötborðið
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur

10. tbl. 16. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Flokkar í fyrirrúmi

Þegar þetta er ritað virðist ekki í sjónmáli í millíríkjadeilunni um Ícesave innlánsreikninga gamla Landsbankans. Ljóst er að hvorki Bretar né Hollendingar sætta sig við þá fyrirvara sem Alþingi setti við samninginn sem gerður var um málið. Vissulega er sá samningur mjög umdeildur bæði á meðal stjórnmálammanna og almennra þjóðfélagsþegna enda um stórt mál að ræða fyrir íslenska hagkerfið og einnig almenning í landinu.

Afleiðingar þessa máls eiga þó að vera öllum ljósar og skiptir þá engu hvort menn telja Breta og Hollendinga koma illa fram við litla þjóð eða hvort alþjóðastofnanir séu nýttar til þess að koma Íslendingum í skilning um alvarleika þess. Því verður ekki neitað að Íslendingar komu sér sjálfir í þessa stöðu og fyrri og einnig núverandi stjórnvöld skulda skýringar á því af hverju glæframönnum í bankakerfinu var leyft að draga fjármuni inn í landið sem vita ljóst var að voru langt umfram það sem samfélagið gæti í raun staðið við færi spákaupmennskan á verri veg eins og reyndin hefur orðið.

Alvarleiki þessa máls stafar fyrst og fremst af því að á meðan Íslendingar ná ekki sátt um lausn þess við Breta og Hollendinga stendur umheimurinn á bremsunni gangvart Íslandi. Ísland nýtur ekki viðskiptatrausts á almennum mörkuðum. Lánalínur til landsins eru lokaðar og við þær aðstæður er engan veginn unnt að hefja það endurveisnar- og uppbyggingarstarf sem lífnauðsynlegt er að hefja nú þegar. Lausn Ícesave deilunnar er lykill að því að hér verði hægt að koma hjólum atvinnu- og efnahagslífs landamanna af stað eftir þá stöðnun sem varð í kjölfar bankahrunsins fyrir ári.

Á meðan þjóðfélaginu blæðir vegna efnahagslegrar einangrunar ánota stjórnmálamenn tímann til deilna um þetta mál í stað þess að leita samstöðu um leið sem duga mun til lausnar. Engin leið að þeirri lausn er án þrauta eins og málum er komið en hver dagur sem eytt er í þras á milli flokka, flokksbrota og flokksklíka er þjóðinni dýr. Það er algert ábyrgðarleysi af stjórnmálamönnum hvar í flokki, flokksbroti eða flokksklíku sem þeir standa að tefja lausn þessa ömurlega máls í von um að vinna flokki sínum eða flokksbroti álit í augum kjósenda.

Stjórnmálamenn á Alþingi geta litið til margra sveitarstjórnarmanna að þessu leyti. Í mörgum sveitarstjórnnum hefur fólk tekið höndum saman yfir línur flokka og framboða og yfir mörk meiri- og minnihlutasamstarfs til þess að leysa sem best úr fjárahagsvanda sveitarfélaga og verja grunnþjónustu þeirra á erfiðum tímum. Á sama tíma óskapast Alþingismenn og deila um keisarans skegg í von um pólitíska ávinninga flokkum sínum, flokksbrotum og flokksklíkum til handa. Í svo alvarlegu máli er setur Ísland utangarðs á meðal þjóða geta flokks-hagsmunir ekki verið í fyrirrúmi heldur hagsmunir heillar þjóðar.

Fólk getur gert margt til að verjast innbrotum

Lögreglan á Dalvegi í Kópavogi sem sinnir löggæslu í Breiðholti og í Kópavogi og vill vekja athygli á því að töluvert hefur verið um innbrot á höfuðborgarsvæðinu undanfarna mánuði og er merkjanleg aukning í þessum málaflokki. Innbrot í bifreiðar hafa verið tíð en svo virðist sem fólk gæti ekki að sér og geymi umtalsverð verðmæti í bifreiðum sínum sem freista þjófa. Vin-sælt hefur verið að taka Garmin leiðsögutæki og hvetur lögreglan fólk til að taka tækin úr bifreiðunum sem og önnur verðmæti. Þá vill lögreglan beina þeim til-mælum til fólks að huga að innbrotavörnum við heimili sín.

Heimir Ríkharðsson, lögreglu-fulltrúi segir nauðsynlegt að koma fyrir traustum lásnum og öryggiskeðjum við útihurðir svo og geymslu- og bílskúrshurðir. Einnig megi setja krækjur á opnanleg gluggafög. Þá sé nauðsynlegt að hafa góða raflýsingu umhverfis húsnæði og gott að koma upp hreyfiskynjurum. Gott sé að hafa ljós kveikt inni á nokkrum stöðum. Hann bendir á að hægt sé að fá tímaskynjara sem tengja megi við ljós og útvarp. Þá sé nauðsynlegt að koma óbætanlegum verðmætum fyrir í bankahólfum og skrá niður dýr tæki, raðnúmer þeirra og geyma á góðum stað. Aldrei sé ofnætið að láta ættingja eða

traustan vin líta eftir húsnæði ef það er yfirgefið í lengri tíma. Alltaf beri að láta líta út sem einhver sé heima með því að láta ekki póst safnast fyrir, slá garðinn sé um sumartíma að ræða og moka eða traðka niður snjó fyrir utan heimilið þegar vetur gengur í garð. Þá sé nauðsynlegt að leggja bifreið í stæðið við íbúðarhúsnæði af og til. Heimir varar sérstaklega við að fólk lesi inn á símsvara skilaboð

sem gefið geta til kynna að heimilisfólkið sé fjarverandi af heimilinu. Þá segir hann lögregluna hvetja fólk til að sinna nágranna-vörslu vel og láta lögreglu strax vita verði það vart grunsamlegra mannaferða og skrá niður númer grunsamlegra bifreiða. Fólk geti gert margt til þess að verjast innbrotum. Símanúmer lögreglunnar á Dalvegi er 444-1130 og lögreglu-varðstofunnar í Mjódd 444-1170.

Árskógar, Eyjabakki og Asparfell

Á síðasta fundi hverfisráðs Breiðholts var ákveðið að veita Árskógum sem stofnun umhverfisverðlaunin í ár. Þá var einnig ákveðið að verðlauna fjölbýlishús við Eyjabakka 1 til 15 og Asparfell 2 til 12 auk Árskóga 2 til 4 og Skógarbæjar sem er samtengdur Árskógum í Mjóddinni. Verðlaunin verða afhent á Breiðholtsdögunum.

Skrekkur kominn á skrið

Skrekkur hæfileikakeppni ÍTR fyrir Grunnskóla Reykjavíkur verður haldin í Borgar-leikhúsinu dagana 9., 10., 11. og 16. nóvember en þau kvöld fara undanúrslit fram. Úrslitakvöldið sjálft verður síðan 17. nóvember. Þetta var ákveðið nýlega á fundi með fulltrúum nemendaráða grunnskólanna.

Gerðu
góðverk
í dag

907 2002



Hjálparstarf
kirkjunnar
www.help.is

Breiðholtsblaðið
borgarblod.is

BÓNUSVÍDEÓ

LÓUHÓLAR

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Á ÞRIÐJUDÖGUM ERU ALLAR
DVD MYNDIR Á 450 KR.*

*Ein ný og tvær gamlar (Tilboð A)



ALLTAF TILBOÐ Á NAMMI OG GOSI

BÓNUSVÍDEÓ LÓUHÓLUM • HÓLAGARÐI 2-4 • SÍMI 587-1080

www.bonusvideo.is

ÓSKUM
BREIÐHYLTINGUM
TIL HAMINGJU MEÐ
BREIÐHOLTSDAGA

FISKBÚÐ



HÓLMGEIRS

MJÓDD

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.

VARMÍ

réttingar og sprautun

Auðbrekku 14 - 200 Kópavogur

Sími: 564 2141

Netfang: varmi@varmiehf.is

BREIÐHOLTSDAGAR

19. - 25. OKTÓBER 2009

Breiðholtsdagar verða haldnir hátíðlegir í sjöunda sinn frá 19.-25. október. Yfirskrift daganna verður “Hverfið okkar, samheldni - samvinna”. En meginmarkmið Breiðholtsdaga er að stuðla að aukinni samheldni, samvinnu, samveru og hverfisvitund íbúa þar sem fólk á öllum aldri kemur saman á ýmsum stöðum til að auðga andann og skemmta sér á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Eins og dagskráin sýnir er af nógu að taka því menningarstarf í Breiðholti er öflugt og framsækið. Íbúasamtökin Betra Breiðholt halda flóamarkað í Mjóddinni laugardaginn 17. okt., leikskólabörn heimsækja Árbæjarsafn 29. október og í Breiðholtsvikunni sjálfri munu nemendur Skólahljómsveitar Árbæjar og Breiðholts heimsækja nokkra leikskóla í hverfinu og leika tónlist fyrir börn og starfsfólk. Hátíðarathöfn Breiðholtsdaga verður að þessu sinni í göngugötunni í Mjódd föstudaginn 23. október kl. 16:00 mun forseti borgarstjórnar ávarpa gesti og afhenda heiðursviðurkenningar. Sjá meðfylgjandi dagskrá:

Hverfið okkar, samheldni, samvinna

19. október, mánudagur

- 07:30 Pottagestur í Breiðholtslaug
Borgarlistamaður Reykjavíkur
- 09:50 Vatnsleikfimi í Breiðholtslaug,
Sýning í Árskógum 4
Guðráður Jóhannsson og Jón Guðmundsson
- 10:00 Setning Breiðholtsdaga í Hólabrekkuskóla.
Brynjar Fransson og fl.
- Mjódd, sýning leikskólanna Arnaborgar og
Fálkaborgar á myndverkum frá “menningamóti”
leikskólabarna í Bakkahverfi stendur út alla
vikuna.
- 14:00 Sýning ljósmynda í Ljósmyndasamkeppni
Breiðholts opnuð af Brynjari Franssyni
formanni hverfisráðs.
- 17:30-18:30 KFUK fyrir stúlur í Seljakirkju,
allar stúlur velkomnar.
- 18:30 Messa í Maríukirkjunni (alla virka daga).
Olís í Mjódd með tilboð á ýmsum vörum alla dagana.

20. október, þriðjudagur

- 07:30 Pottagestur í Breiðholtslaug
Sigmundur Ernir þingmaður og rithöfundur
- 10:30 Félagsstarfið í Gerðubergi, Sigurður R.
Guðmundsson með leynigest og kennir stafgöngu
- 12:00 Kyrrðarstund í Fella- og Hólakirkju.
Tónlist, ritningarlestur og bæn. Súpa og brauð
í safnaðarheimilinu eftir stundina.
- 13:00-14:00 Nemendur úr Fellaskóla tefla við gesti
og gangandi í Göngugötunni í Mjódd
- 13:00-16:00 Fella- og Hólakirkja. Samvera eldri
borgara í umsjá Ragnhildar Ásgeirsdóttur,
djákna.

21. október, miðvikudagur

- 07:30 Pottagestur í Breiðholtslaug
Gunnlaugur Júlíusson langhlaupari
- 09:00 Lesum enn meira í Fellaskóla.
Samstarfsverkefni Menntasviðs, Fellaskóla og
Félagsstarfsins í Gerðubergi.
- 09:50 Vatnsleikfimi í Breiðholtslaug, allir velkomnir.
- 10:00 Umhverfisverkefnið „ Garðurinn okkar” kynnt
í Félagsstarfinu Gerðubergi, umhverfisráðherra
Svandís Svavarsdóttir setur formlega af
stað nýtt samstarfsverkefni undir forystu
eldri borgara.
- 13:30 Breiðholtskirkja með samverustund Maður er
manns gaman, gestur verður sr. Jakob
Ágúst Hjálmarsson.
- 14:00 Elsa Haraldsdóttir með sönghóp
félagsstarfsins í Árskógum og tónlist í Skógarbæ

- 16:00 6. - 9 ára Kirkjuprakkarar í Breiðholtskirkju,
allir krakkar á þeim aldri velkomnir.
- 20:00 Breiðholtskirkja með Æskulýðsfélagsfund fyrir
krakka í 8. bekk.
- 20:00 Gleðjumst saman í söng - gleðjum aðra með
söng”, ókeypis tónleikar í Fella og Hólakirkju,
Gerðuberskórinn og Söngfuglar frá Vesturgötu 7.
Óskar Pétursson tenór frá Álftagerði syngur.

22. október, fimmtudagur

- 07:30 Pottagestur í Breiðholtslaug
Ragnhildur Guðjónsdóttir varaform.
Hverfisráðs Breiðholts
- 10:00-15:00 Iðjuberg Gerðubergi 1, opið hús, heitt á
könnunni og sala á munum sem unnin eru í
Listiðju og hæfingu.
- 14:00 Kynning á vinnustofum í félagsstarfinu í
Árskógum 4.
- 16:30-17:30 KFUM starf fyrir drengi í Seljakirkju.
- 17:00 Íbúaverkefni um framtíð Sekkjaróló við
Fremristekk ýtt úr vör með útihátíð á
róluvellinum. Stutt ávörp, leikir og veitingar í boði
fyrirtækja í Breiðholti
- 17:45 Handboltaleikur í Austurbergi 3 fl. kv.
ÍR-Gróttu2
- 18:00 Seljakirkja með fyrirbænaðstund, á eftir er
boðið upp á kaffi, spjall og gott samfélag
- 19:00 Handboltaleikur í Austurbergi 3 fl. kv.
ÍR-Gróttu1
- 19:30-22:00 Stelpukvöld í Hólagarði kynningar, tilboð,
ókeypis happaðrætti ofl.

23. október, föstudagur

- 07:30 Pottagestur í Breiðholtslaug
Matthías Halldórsson landlæknir
- 10:00 Félagsstarfið í Gerðubergi, Raggi Bjarna
heiðursgestur í þrjónakaffi
- 12:15 Samsöngur í Breiðholtskirkju
- 13:30 Hátíðarbingó hjá Félagsstarfinu Árskógum 4.
- 15:00 Þjónustumiðstöð með opið hús og kynningu í
göngugötunni í Mjódd
- 15:00 Göngugatan Mjódd, Tónlist
- 15:30 Félagsstarfið í Árskógum 4. Harmonikkuball
- 16:00-18:00 Göngugatan Mjódd, Bahaí samfélagið með
kynningu, lifandi tónlist
- 16:00-17:00 Hátíðasamkoma í Mjódd
Setningarávarp Þorsteinn Hjartarson
Úrslit og verðlaunaveitingar í ljósmyndasamkeppninni
Brynjar Fransson formaður hverfisráðs
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson forseti borgarstjórnar
afhendir heiðursviðurkenningar.
Vinabandið tekur lagið

- 17:00-22:00 Breiðholtslaug við Austurberg, frítt í sund
- 19:30-23:00 Unglingadansleikur í Miðbergi

24. október, laugardagur

- 10:00-16:00 Opið hús hjá Leikni
- 11:00-14:00 Vináttuleikir Leiknis og ÍR. Yngri flokkar
- 14:00 Grillaðar pylsur eftir leikina
- 10:00-16:00 ÍR- kynnir starf sitt í göngugötunni í Mjódd
- 14:00-16:00 Göngugatan Mjódd, Bahaí samfélagið með
kynningu, lifandi tónlist
- 13:00-17:00 Gerðuberg menningarmiðstöð, Litrík menning
– gagnkvæm miðlun. Kynning á starfsemi og
þjónustu fyrir íbúa af erlendum uppruna
- 13:00-17:00 Gerðuberg menningarmiðstöð, Flóamarkaður
– skráning þátttöku í síma 575 7700,
gerduberg@reykjavik.is
- 14:00-15:00 Gerðuberg menningarmiðstöð, Sóla á
sögubílnum Æringja tekur á móti börnum á
bókasafninu
- 15:00-16:30 Gerðuberg menningarmiðstöð, Litrík menning
– gagnkvæm miðlun. Umræðusmiður með þátttöku
listamanna af erlendum uppruna
- 18:30 Ensk messa í Maríukirkjunni við Raufarsel.
Dennis O’Leary messar.
- 13:00 Félagsstarfið í Breiðholti stendur fyrir
almenningshlaupi til styrktar Grensás, vegalendir
eru 1,8 km. og 4 km. Edda Heiðrún Bachmann
ræsir, skráningargjald 1.000 kr. og áheiti renna heil
og óskipt til Grensásdeildar.
Hlaupið er frá Breiðholtslaug.
- 20:00 Bahaí samfélagið með bænaðstund og spjall að
Krummahólum 2. 6E
- Garðheimar með ljósaseríukynningu

Sunnudagur 25. október

- 11:00 Breiðholtskirkja, sunnudagaskóli og messa.
- 11:00 Fella- og Hólakirkja guðþjónusta.
- 11:00 Maríukirkjan, messa
- 12:15 Maríukirkjan, barnamessa
- 14:00 Seljakirkja, almenn guðþjónusta.
- Garðheimar með ljósaseríukynningu
- 13:00-17:00 Gerðuberg menningarmiðstöð, Litrík menning
– gagnkvæm miðlun.
Sama dagskrá og laugardag

17. október, laugardagur

Nytjamarkaður Íbúasamtaka Breiðholts í Mjódd úti og inni

29. október fimmtudagur

Leikskólabörn í Árbæjarsafni



VIÐTALIÐ

Frumkvöðlar að félagslegum mannamótum

Brynjar Fransson, formaður hverfisráðs Breiðholts en Eyfirðingur er fluttist ungur til Vestmannaeyja. “Það flutti nokkuð af fólki að norðan til Eyja, sem höfðu talsvert aðdráttarafl á þeim tíma vegna þess að þar var mun meira um atvinnu en nyrðra. Á Akureyri var fátt annað að hafa en störf við ullar- og skinnaiðnað Sambands íslenskra samvinnufélaga og verksmiðjulaunin voru fremur lág. Ekki var óalgengt að það tæki hálfan mánuð að vinna sér inn þau laun í Eyjum sem þóttu góð mánaðarlaun á Akureyri,” segir Brynjar.

“Ég giftist síðan konu úr Vestmannaeyjum og við höfðum engin áform um að flytja upp á land fyrr eftir gosið 1973. Þá var ég búinn að búa þar í 14 ár en við ákváðum að fara ekki út aftur. Við bjuggum í Reykjavík, Hafnarfirði um tíma og í Kópavogi þar til að við fluttum í Breiðholtið 1995. Ástæða þess var fyrst og fremst sú að þá voru börnin komin upp og farin að heiman og við fengum ágætis raðhús til kaups – húsnæði sem hentaði vel fyrir tveggja manna fjölskyldu.”

Bakkarnir best skipulagða hverfið

“Ég var búinn að starfa lengi við fasteignasölu þannig að ég þekkti vel til Breiðholtsins eins og raunar flestra hverfa borgarinnar og ekki síst til þeirra yngri,” heldur Brynjar áfram. “Ég hafði fylgst nokkuð vel með þróun mála og þeirri uppbyggingu sem átt hafði sér stað í hverfunum í gegnum starfið og þess vegna hafði sú umræða sem stundum hafði örlað á um Breiðholtið og þá einkum það efra engin áhrif á mig. Bróðir minn er lögreglumaður og hann sagði mér einhverju sinni að það hefði verið talsvert um útköll í Breiðholtið á meðan hverfið var að byggjast og fyrst á eftir. En eftir að Grafarvogurinn byggðist þá hafi þessi útkallstöðni flust að verulegu leyti þangað. Þetta virðist fylgja nýjum hverfum að einhverju leyti en svo kemst ró á þegar þau festast í sessi. Það var gjarnan talið um Breiðholt 1, Breiðholt 2 og Breiðholt 3. Hverfishlutarnir eða hverfin innan heildarhverfisins eru ólík að gerð og skipulagi. Staðreyndin er sú að Neðra Breiðholtið, sem stundum er kallað Breiðholt 1 er eitt best skipulagða hverfi borgarinnar. Það er svo heilstæð hugsun í skipulaginu. Hverfið er byggt í hring og gert ráð fyrir allri þjónustu í miðju þess þannig að ekki þyrfti að fara yfir eða um umferðargötur. Skipulagið hefur alveg staðist tímans tönn þótt að þjónustan hafi flust burt þegar stórmarkaðirnir fóru að söga smástarfsemina til sín. Ég held að ekkert hverfi í Reykjavík hafi verið skipulagt út frá jafn heildrænni hugsun og Björn Ólafs beitti þegar hann dró það upp á blað. Ég heyrði einhverju sinni gamansögu af erlendum skipulagsfræðingum sem skoðuðu Breiðholtið og sögðu á eftir að betra hefði verið að fá sérfræðinga til þess að skipuleggja Efra Breiðholtið og Seljahverfið. Ég tek þó ekki fulla ábyrgð á þessari frásögn. Hún kann að vera eitthvað ýkt eins og svo margt sem gengur á milli manna en engu að síður þá eru þessi innhverfi Breiðholtsins mjög ólík að skipulagi og gerð.”

Nýbúar gætnari í fjárfestingum

“Ég komst auðvitað ekki hjá því í starfi mínu sem fasteignasali að



Brynjar Fransson, formaður hverfisráðs Breiðholts. Myndin er tekin í Boganum í Gerðubergi. Við hlið Brynjars er málverk Steinunnar Einarsdóttir, af fiskverkakonum en nú stendur yfir myndlistarsýning hennar undir heitinu “Hún rís úr sumarsænum” og er vitnað til Vestmannaeyja. Brynjar hélt ungur að norðan til Vestmannaeyja í atvinnuleit eins og fleiri upp úr miðri síðustu öld.

skynja þann verðmun sem var á eignum í Breiðholtiinu og ördum hverfum. Um lengri tíma voru dýrustu fasteignirnar í Reykjavík í Vesturbænum og Hlíðunum og svo bættist Fossvogurinn við eftir að hann byggðist. Það var ekki fyrr en lögnu síðar þegar allt í einu þótti fínt að búa í Miðborginni eða 101um að verðið rauk þar upp úr öllu valdi. Þetta getur að einhverju leyti hafa legið í legu hverfisins og einnig því að upphafs þess má rekja til félagslegra íbúða sem byggðar voru til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Þessar íbúðir komu síðar inn á frjálsan markað og voru þá að seljast á lægra verði en gerðist í þeim borgarhlutum þar sem verðlagið var hæst. Ég hef raunar ekki skýringu á þessum verðmun en hann varð til þess að margir nýbúar sáu sér leik á borði að festa kaup á eignum í Breiðholtiinu.” Brynjar segir margt af því fólki hugsa öðruvísi en okkur sé samt og vilji sjá fyrir endann á fjárfestingum sínum. “Margir komu með plan þar sem búið var að reikna út fyrir hversu mikið mætti fárfesta og greiðslugetuna fram í tímann. Fólkið vildi vita hvað það skuldaði og hafa vissu um að geta staðið skil á afborgunum. Það var heldur ekkert að velta því fyrir sér á hvaða forsendum þessar íbúðir hefðu verið byggðar og jafnvel ekki því ástandi sem þær voru í. Það var horft á peningahliðina og spáð í hversu langt væri hægt að ganga í húsnæðis kaupum.” Brynjar segir flesta nýbúa sem hann hafi kynnst á starfsferli sínu vera heiðarlegt fólk og engin vandræði hafi verið af viðskiptum við þá. “Mér fannst Asíufólkið almennt ákaflega skilvíst og það var heldur ekki að kvarta við seljendur eins og Íslendingum er samt að gera. Sömu sögu má segja af Pólverjum og fleirum sem hafa fjárfest í íbúðum. Þetta er yfirleitt vinnusamt fólk og annnt um orðspor sitt. Einu nýbúarnir sem ég man eftir að hafa lent í einhverjum vandræðum með voru frá Rússlandi. Ég veit ekki af hverju en hugsanlega

hafa þær þjóðfélagsaðstæður sem þeir komu frá skapað þann hugsunarhátt sem þeir tileinkuðu sér. Þeim var ekki eins annnt um orðsporið. Þetta liggur trúlega frekar í fyrri umhverfi þeirra en í manngerðinni.”

Fleiri verða að taka þátt í hreinsunardögum

Brynjar hefur lengi fylgst með borgarmálum og þjóðmálum. “Ég hef fylgt Framsóknarflokknum að málum og eftir miðjan níunda áratuginn fór ég að gefa mig meira að pólitískum málefnum. Þegar sá meirihluti borgarstjórnar sem nú starfar tók við kom það í minn hlut að taka sæti í hverfisráði og taka formennsku þess að mér. Hverfisráðin voru upphaflega skipuð þremur fulltrúum og jafnmörgum til vara en var fjölgað úr þremur í sjö 2008 og ákveðið að þeir listar sem ekki eiga fulltrúa í hverfisráði gætu tileft áheyrnarfulltrúa. Á þessu ári var fulltrúunum hins vegar fækkað úr sjö í fimm sem nú eiga sæti í ráðinu auk áheyrnarfulltrúa F-lista, fulltrúa íbúasamtakanna Betra Breiðholts og framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Breiðholts sem situr fundina eða staðgengill hans með málfrælsi og tillögurétt.” Talið berst að hlutverki hverfisráðanna og Brynjar segir að eins og það sé skilgreint í dag eigi þau að stuðla að samstarfi innan hverfis, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs er varðar verksemi þeirra og einnig að vinna að samræmingu þjónustustofnana í hverfum. Þau eigi að stuðla á kynningu á skipulagi og þjónustu í hverfunum og beita sér fyrir samráði íbúa. “Ég lít svo á að megin hlutverk hverfisráðanna sé að vera leiðbeinandi aðili og tengiliður íbúa við borgaryfirvöld. Við störfum í umboði borgarstjórnar og þangað eru allar fundargerðir okkar sendar. Hverfisráð fjallar mest um ýmis mál sem koma upp, t.d. mál er varða fegrun og umgengini í hverfunum. Hverfisráðið stóð fyrir hreinsunardegi á liðnu vori.

Ég væri ekki alveg hreinskilinn ef ég héldi því fram að þátttakan í honum hafi verið nægilega góð. Fleiri hefðu þurft að mæta. Við vildum fá fleira fólk til að mæta og þrifa hverfið. Þetta tókst ekki alveg nægilega vel en það á ef til vill eftir að batna í framtíðinni þegar meiri umræða verður um umgengismálin. Annað verkefni hverfisráðsins sem mig langar til að nefna er að ráðið veitir umsagnir um allar styrkbeiðnir til Forvarna- og framkvæmdasjóðs.”

Afturför í löggæslumálum

Eitt verkefni hefur verið á herðum hverfisráðsins umfram önnur og það er nágrannavarslan í hverfinu. Brynjar segir það nokkuð mikið verkefni hjá ráðinu og unnið að því í samráði við þjónustumiðstöðina. “Nágrannavarsla er komin af stað á nokkuð mörgum stöðum í Breiðholtiinu. Búið er að afgreiða margar umsóknir nú í haust og ég held að innbrotaaldan sem riðið hefur yfir að undanförunu hafi ýtt undir aukinn áhuga á nágrannvörslu. Eins hefur hverfisráðið fjallað mikið um lögreglumálið. Við teljum að ástandið hafi farið í verra horfi við að lögreglustöðin í Breiðholti var lögð niður. Reynslan er sú að þetta hefur versnað. Það er ekki lægt að horfa framhjá því. Það var mjög náið samtarf á milli þjónustumiðstöðvarinnar og lögreglustöðvarinnar sem voru í sama húsi og á sömu hæð. Vegna þessa nána samstarfs upplýstust mál oft mjög fljótt eða voru kæfð í fæðingu áður en þau urðu nokkur mál sem vissulega er best.” Brynjar segir gott forvarnarstarf hafa verið unnið af þeim lögreglumönnum sem störfuðu í hverfinu. “Lögreglumennirnir þekktu krakkana og voru í góðu sambandi við þá. Þeir voru jafnvel að þjálfa þau í íþróttum á frívöktunum. Þegar Stefán Eiríksson, lögreglustjóri kom á fund til hverfisráðsins þá lofaði hann því að þetta yrði allt til bóta og ef það yrði ekki til að bæta málin þá

yrði reynt að finna lausn á því. Ég held satt að segja að fara verið að huga að einhverjum lausnum og það er verk að vinna hjá okkur í þessu máli. Hverfisráðið stendur fyrir opnum íbúafundi einu sinni ár ári og næstu fundur verður í nóvember. Ég hef trú á að lögreglumálin verði þar á dagskrá og ég álit að það eigi eftir að fara mikill tími í þau. Þessar breytingar má að einhverju leyti rekja til niðurskurðar en við megum ekki gleyma því að þetta er fyrst og fremst kerfisbreyting. Stefán Eiríksson sagði að verið væri að færa að löggæslufólk af Hverfigötunni út í borgarhlutana. Þetta hljómaði vel í kynningum hjá honum. Stefán er góður sölumaður og hann lagði þetta vel og sannfærandi upp. En þótt hugmyndin hafi hljómað vel þá virðist reynslan ætla að verða önnur. Nærþjónustan þar sem lögreglumennirnir voru í mjög góðu sambandi við hverfin virðist ekki ætla að verða eins í þessu nýja kerfi þótt því hafi trúlag verið ætlað að bæta þar um.” Brynjar segir að sú staðreynd að lögreglustöðin hafi verið færð í annað sveitarfélag geti haft eitthvað að segja. Sú tenging sem verið hafi á milli lögreglumanna í Mjóddinni, þjónustumiðstöðvarinnar og skólanna hefi breyst og markmiðin því ekki náðst. “Ég hef heyrt raddir um að hópamyndanir, sem voru hér áður en var búið að útrýma séu að byrja aftur og það er mjög óæskileg þróun ef rétt er. Það mál hlýtur að koma fram á þeim opna íbúafundir sem verður í næsta mánuði. Þótt lögreglumálin eigi ekki að vera aðal efni hans eða aðalatriði þá fæ ég ekki séð að komist verði hjá því að ræða þau og þá þróun sem við teljum vera að hefjast. Þetta er hreint hverfismál vegna þess að það getur orðið erfiðara að snúa ofan af óheilla þróun eins og gengjamyndun en að komast í hana. Það þekkjá þeir sem fengist hafa við hverfismálin í Breiðholti á undanförunum árum.”

Frumkvöðlar að félagslegum mannamótum

Breiðholtsdagar eru framundan. Brynjar segir þá hafa verið að þróast á undanförunum árum og undið upp á sig sem sé til góðs. “Þetta byrjaði með einum degi en hefur þróast í að verða næstum heil vika. Við byrjum alla morgna með pottakaffi í Breiðholtslaug og það er hefð fyrir að borgarlistamaður á hverjum tíma mæti í fyrsta pottakaffið á Breiðholtsdögum. Steinunn Sigurðardóttir, fatahönnuður og borgarlistamaður kemur til okkar í fyrsta pottakaffið. Síðan verða viðburðir alla dagana með hápunkti í göngugötunni í Mjódd á föstudegi. Ég er þess fullviss að Breiðholtsdagarnir hafa ótvírætt sannað gildi sitt. Þeir efla samstöðu fólksins og auka kynningu á meðal íbúa hverfisins.

Þema síðustu Breiðholtsdaga var “Kynslóðir saman”. Þá komu yngri og eldri kynslóðir saman, börn fóru t.d. á hjúkrunarheimilin og dönsuðu og skemmtu eldri borgurum. Þetta er mjög virðingarverð og nauðsynlegt viðleitni til þess að tengja fólk af mismunandi kynslóðum saman. Viðleitni sem er að skilja eftir spor í hverfinu og víðar. Ef ég man rétt voru Breiðholtsbúar fyrstir að efna til hverfishátíðar með þessum hætti en fleiri komið á eftir. Við erum því frumkvöðlar að þessum félagslegu mannamótum.

Grunnskólanemar á forvarnardegi

Nemendur grunnskólanna í Breiðholti sinntu fjölbreyttum verkefnum á forvarnadaginn 30. september sl. Þetta er í fjórða sinn sem forvarnadagurinn er haldinn en verkefnið er runnið undan rifjum forseta Íslands og stutt af lyfjafyrirtækinu Actavis.

Verkefnið byggist m.a. á niðurstöðum íslenskra rannsókna sem sýna að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmennti sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmennti bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau neyti síðar fíkniefna. Niðurstöðurnar byggja á rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabil rannsakað áhættuhegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt.

Myndirnar voru teknar í Hólabrekkuskóla og Seljaskóla á forvarnadaginn.



20% afsláttur af
töskum út Október

Opíð
Mán. - Föst. kl. 10-22:30
Laugard. kl. 10-20:00
Sunnud. kl. 12-20:00

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Hólmaseli 2, 109 Reykjavík
S. 567-2077 & 587-0077

Tilboð
10 Tímakort
4.490 kr.
5 Tíma Dag kort
2.390 kr.
(Mánðarkort)

Súper Sól
Hólmaseli 2, 109 Reykjavík S. 567-2077 - 587-0077

TEPPI Á STIGAGANGINN

GOLFEFNI BANKING ÞJÓNUSTA

Stepp ehf Ármúla 32 Sími 533 5060 www.stepp.is stepp@stepp.is

Stepp

Gratna 2008

 **FJÁRMÁL**

JÁ Mig langar að fræðast um fjármál

FJÁRMÁL er vettvangur fjölbreyttrar fræðslu sem Nýja Kaupþing mun standa fyrir og hefst nú í haust með gagnlegum fyrirlestrum og námskeiðum.

Með stofnun **FJÁRMÁLA** vill bankinn undirstrika mikilvægi þess að komið sé til móts við þörf viðskiptavina fyrir meiri fræðslu og betri leiðsögn við breyttar aðstæður í nýju efnahagsumhverfi.

Sendu okkur þína hugmynd

Við hvetjum þig til að senda okkur hugmyndir þínar að umfjöllunarefni. Þannig tekur þú þátt í að móta með okkur það sem í boði verður. Til að byggja upp traustan þekkingargrunn þarf hugmyndir úr öllum áttum.

**SENDU OKKUR
HUGMYNDIR
Á KAUPTHING.IS**



Litrík menning í Gerðubergi

Dagskrá undir yfirskriftinni Litrík menning – gagnkvæm miðlun verður í Gerðubergi 24. til 25. október næstkomandi. Dagskráin er haldin í tilefni Breiðholtsdaga og stendur frá kl. 13 til 17 báða dagana. Markmiðið er að kynna sérstaklega þá þjónustu sem höfðar til íbúa af erlendum uppruna og að vekja athygli á jákvæðum áhrifum fólks af ólíku þjóðerni á menningarlíf hér á landi. Flóamarkaður verður í húsinu og dagskrá fyrir börn.

Fyrirtæki og stofnanir sem sérstaklega sinna íbúum af erlendum uppruna og málefnum þeirra kynna starfsemi sína. Má þar nefna Alþjóðahús, Fjölmenn-

ingasetur, Þjónustumiðstöðvar, Samtök kvenna af erlendum uppruna, Söguhring kvenna og Fjölskyldumorgna á vegum Borgarbókasafns. Íbúar af erlendum uppruna hafa löngum lífgað upp á menningu hér á landi. Í umræðusmiðjum á bókasafni segja einstaklingar frá reynslu sinni undir yfirskriftinni Litrík menning – gagnkvæm miðlun. Haldin verða stutt erindi og boðið upp á umræður á eftir.

Flóamarkaður verður starfræktur kl. 13 til 17 þessa daga. Öllum er frjálst að taka þátt, hvort sem selt er handverk, heimagerðar sultur eða varningur úr geymslunni.

Steinunn Einarsdóttir sýnir í Boganum

Nú stendur yfir sýning Steinunnar Einarsdóttir í Boganum í Gerðubergi. Yfirskrift sýningarinnar er “Hún rís úr sumarsænum” og er þar vitnaði í ljóðlínu eins hinna þekktu Vestmannaeyjalaga.

Myndefnið er einnig að miklu leyti sótt til Vestmannaeyja þar sem Steinunn ræðst að stórbrotinni náttúru og langslagi eyjanna og færir það yfir í eigið myndmál. Auk landslagstúlkana má finna ýmsar tilvísanir í myndum hennar m.a. í sálma, vináttu og kærleika.

Steinunn er Vestmanneyingur

Úrval af kvenfatnaði á allar konur, spennandi tilboð á Breiðholtsdögum 19. – 25. okt.

Verið velkomnar.

Fröken Júlía

Mjódd – S. 557 5900

Henna húðskreytilist í handverkskaffi

Handverkkaffið í Gerðubergi nýtur vaxandi vinsælda. Nú í október er Darren Foreman að kynna Henna húðskreytilist. Henna er tímabundið húðflúr sem á sér aldalinga hefð í aust-rænni menningu og tengist sérstaklega brúðkaupum.

Skreytilistin tengist uppruna-lega ýmiskonar hátíðarhöldum, sérstaklega brúðkaupum og skreytingu brúðarinnar. Kynning-

in er hluti af verkefninu Húmor og Amor á vegum menningarstofnanna Reykjavíkurborgar.

Í nóvember sýnir Björn Finnsson pappírslitina Origami. Bréf-brot eða origami er ævaforin japönsk listgrein sem felst í að búa til skrautmuni með því einu að brjóta saman pappír. Í desember verður síðan jólastemning yfir handverkskaffinu en þá mun Guðrún Sigríður Ágústsdóttir búa

til nokkrar einfaldar gerðir jóla-konfekts fyrir gesti. Sirrý leggur áherslu á skemmtilegar og einfaldar uppskriftir sem henta allri fjölskyldunni. Handverkskaffið hóf göngu sína haustið 2008 og naut það mikilla vinsælda síðastliðinn vetur. Handverkskvöldin hefjast kl. 20 og standa til kl. 22, aðgangur er ókeypis.

Heilsuefning hjá félagsstarfinu

Nú stendur yfir áttak til heilsuefningar hjá félagsstarfinu í Gerðubergi og geta allir áhugasamir mætt og valið í hvers konar áttaki þeir taka þátt.

Á þriðjudögum er kennsla í stafgöngu kl. hálfellefu fyrir hádegi en síðdegis eða kl. eitt er boðið upp á líkamsrækt í World Class í Orkuhúsinu.

Á miðvikudögum er boðið upp á leikfimi kl. hálf ellefu og á fimmtudögum er líkamsrækt aftur í boði í Orkuhúsinu. Á föstudögum kl. hálf ellefu er svo aftur haldið af stað í stafgöngu

þar sem farið er í léttar göngu-ferðir um nágrenni Gerðubergs. Sigurður Guðmundsson, fyrrum skólastjóri og íþróttakennari er umsjónarmaður heilsuefningarinnar.

Hver var þessi Karítas?

Námskeið stendur nú yfir í tengslum við ritþing Kristínar Marju Baldursdóttur sem fram fer í Gerðubergi 31. október n.k. Bókmenntanámskeiðið hefur yfirskriftina “Líf og list: 100 ára vegferð Karítasar Jónsdóttur” en þar er skyggst inn í söguheim Karítasarbóka Kristínar Marju.

Saga Karítasar er ekki einungis saga af langri og viðburðaríkri ævi einnar manneskju heldur saga íslenskrar þjóðar í 100 ár eins og hún hljómar af vörum konu sem hefur valið sér það hlutskipti að verða listakona. Á námskeiðinu er leitast við ganga inn í heim Karítasar. Fjalla um persónur sögunnar, sérstaklega kvenpersónurnar, fjölskylduna og samfélag-

ið, listamenn í íslensku samfélagi, og reyna að átta sig á því hvað það er sem mótar og knýr Karítas áfram sem persónu og listamann. Hver var þessi Karítas – gæti verið yfirskrift námskeiðanna þar sem leitast er við að svara spurningum um þessa sögupersónu og það samfélag sem lýst er í bókum um Kristínar Marju.

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Gerum leiðina greiðari

Við viljum hvetja íbúa borgarinnar til að huga að trjágróðri í görðum sínum, nú þegar haustið gengur í garð og síðan veturinn. Vel sprottin tré eru augnayndi en gætum þess að gróðurinn seilist ekki út á gangstéttir og stíga.

Umferðarmerki þurfa að sjást vel og trjágróður má ekki byrgja götulýsingu. Skólabörn, hjólréiðafólk og aðrir vegfarendur þurfa að komast leiðar sinnar eins er mikilvægt að snjómoksturstæki geti hindrunarlaust rutt snjó af gönguleiðum.

Tökum höndum saman – og hugsum út fyrir garðinn, snyrtum trén svo að leiðin sé greið allt árið!

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Þjónustuver 411 1111 | www.reykjavik.is/fer

Bíbí og blaka opnar í Mjóddinni

Vefverslunin Bibí & blaka hefur opnað verslun í Þönglabakka 6 í Mjóddinni í Breiðholti verslunin býður gott úrval af fatnaði fyrir börn allt frá fæðingu til 14 ára aldurs auk ýmissa fylgihluta.

Verslunin hefur ávallt lagt áherslu á að selja vandaðan gæðafatnað sem er bæði fallegur og notadrjúgur. Þar á meðal má nefna dönsku merkin Smafolk, Louie Louis, Small Stuff, Hjorth og fyrir mömmurnar bjóðum kjóla frá duMilde. Einnig er að finna flott hollenskt merki Vingino sem sérhæfir sig í gallafatnaði, bolum og nærfatnaði sem kemur upp í stærð 16. Í Versluninni má einnis að finna pela, snuð, sængurfatnað og mikið úrval af lopa frá Ístex. Verslunin er opin eftir hádegi alla virka daga og frá kl 12 til 16 á laugardögum.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

**511 1188 &
895 8298**

Markaður í Mjódd í aðdraganda Breiðholtsdaga

Íbúasamtökin Betra Breiðholt standa fyrir markaði í göngu-götunni í Mjódd laugardaginn 17. október sem hefst kl. 11 og stendur til a.m.k. 14.

Markaðurinn er hugsaður til að skapa vettvang fyrir íbúana til að hittast og selja eða gefa vörur sem ekki er not fyrir lengur. Þetta er upplagt tækifæri fyrir þá sem vilja skapa aukið rými í geymslunni nú eða létta á byrgð-

um heimilisframleiðslunnar. Sem dæmi, sértu með hjól sem er í lagi en ekki lengur í notkun þá er um að gera að finna því eiganda á Markaðinum í Mjódd.

Hafir þú góða hugmynd eða til lögu sem nýst getur íbúum Breiðholts þá sendu hana Íbúasamtökunum til úrvinnslu á facebook síðu samtakanna eða á <http://ibb.blog.is> Netfang Íbúasamtakanna er ibbr@visir.is

Sölugallerí í Gallerí Grjóti

Sölugallerí verður opnað í Gallerí Grjót í Arnarbakka 2 í Breiðholti föstudaginn 16. október og verður opnunin klukkan 14:00. Gallerí grjót er opin vinnustofa en nú tekur sölugallerí einig til starf.

Til sölu verða bæði lítil og stór listaverk og einnig aðrir munir. Gallerí Grjót hefur verið opi sem vinnustofa frá árinu 2003 og er einn af mikilvægum liðum í menningarstarfsemi í Breiðholti.



Ný vetrardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu
skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kaupu vetrardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
Hafnarfjörður: Dalshrauni 5 (opnar á næstunni).
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.

MAX1
BÍLAVAKTIN



Runar
Geirmundsson



Sigurður
Rúnarsson



Elís
Rúnarsson



Þorbergur
Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



MIN REYKJAVÍK

HUGMYNDAÞING

Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR

SUNNUDAGINN 25. OKTÓBER FRÁ KL. 13–16

* * *

Ert þú með hugmyndir um framtíð Reykjavíkurborgar?

Á Hugmyndadapinginu ræða íbúar, borgarfulltrúar og stjórnendur borgarinnar um framtíð Reykjavíkur og möguleika til sóknar.

www.reykjavik.is/hugmyndir



Reykjavíkurborg

SETTU
FAGMENN
Í MÁLIÐ ...



ATHUGIÐ!
Núna er **100% endurgreiðsla**
á vinnu iðnaðarmanna
í heimahúsum og hjá húsfélögum

Vantar þig rafvirkja?
Ertu að breyta eða byggja?

Við tökum að okkur:

- Raflagnir í nýbyggingum.
- Breytingar og viðhald á hvers kyns raflögnum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög.
- Sérhæfum okkur í raflögnum á skrifstofuhúsnæði.
- Tökum að okkur lagnir fyrir loftnet, síma og tölvur.
- Veitum ráðgjöf við val á raflagnaefni – t.d ljósum og innlagnaefni.

Við veitum góða þjónustu á verði sem kemur þægilega á óvart.

Rafvirkjar Reykjavíkur

Sími: 511 2555 • www.rar.is

Úrval af nýjum fiski
Kofareyktur rauðmági
Sjósíginn fiskur
Sólpurkaður saltfiskur

Opið virka daga frá 10 til 18 og
laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einaris

Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

Sungið á skólalóð

Allan síðasta mánuð hefur nemendum, starfsfólki, gestum og gangandi staðið til boða að kíkja á söngsýningu í frímínútum í Fellaskóla. Þar hafa stelpur úr fimmta bekk sett upp atriði með dansi og söng við lagið We will rock you með hljómsveitinni Queen.

Söngatriðið er hin mesta skemmtun en auk þess að hafa samið dansinn þá sömdu þær líka nýjan texta við lagið og eftir þrotlausar æfingar ná þær góðum takti og eru mjög samtaka allan tímann. Þetta uppátæki hjá stelpunum hefur svo sannarlega sett sitt mark á frímínúturnar sem og allan skólann sem fylgist spennur með þeim en heyrst hefur að unnið sé að samsetningu á nýju atriði sem verður frumflutt á bekkjarkvöldi fljótlega.



Stelpurnar á lóð Fellaskóla.

Úrslit úr ljósmyndasamkeppninni kynnt á Breiðholtshátíð

Úrslit ljósmyndakeppni í Breiðholtinu verða kynnt á hátíðarsamkomu Breiðholttdaga í göngugöttunni í Mjódd föstudaginn 23. október n.k. Sýning á myndum úr keppninni verður enn fremur opnuð á Breiðholtsdögum.

Ljósmyndasamkeppninni hefur ekki síst verið beint að börnum og ungmennum sem hafa fengið tækifæri til þess að sprengta sig með myndavélina með þátttöku í keppni fyrir augum. Margar áhugaverðar myndir hafa komið út úr ljósmyndakeppnum

á undanförunum árum og ungir áhugaljósmyndarar hafa komið fram. Ástæða er til þess að bíða úrslitanna og sýningar á nýjum myndum úr ljósmyndasamkeppninni með óþreyju.

Fjallkonurnar funda fyrsta þriðjudag í mánuði

Í Breiðholti eru starfandi þrjú kvenfélög; Kvenfélagið Fjallkonurnar, Kvenfélag Breiðholts og Kvenfélag Seljasóknar. Kvenfélagið Fjallkonurnar var stofnað 15. nóvember 1973 og nefnt í upphafi Kvenfélag Breiðholts III. Það var Framfarafélag Breiðholts III sem stuðlaði að stofnun félagsins. Hinn 25. janúar 1975 var nafni félagsins breytt í Kvenfélagið Fjallkonurnar. Markmið þess er að vinna að almennum félags- og menningarmálum í Breiðholti III ásamt því að sinna líknamálum í Reykjavík. Það er fræðileg, skemmtileg og ódýr skemmtun að vera í kvenfélagi og njóta þess að vera með góðum vinum eina kvöldstund í mánuði yfir veturinn segir í frétt frá félaginu.

Fyrsti fundur ársins, janúar-

fundurinn er haldinn sameiginlega hjá þessum félögum og skiptast þau á að halda hann. 19. janúar 2010 verður fundurinn haldinn hjá Kvenfélagi Seljasóknar. Fyrstu fundir félagsins voru haldnir í kaffiskúr byggingarfélags Breiðholts h.f., Fellahelli, Kjöt og Fiski í Seljahverfi, Gerðubergi en eftir að Fella og Hólakirkja var vígð hafa fundir verið haldnir í kirkjunni. Fjallkonurnar fylgdust með uppbyggingu og fegrun hverfisins og aðstoðuðu við fjáröflun byggingar Fella- og Hólakirkju. Félagið hefur styrkt kirkjuna og starfsemi hennar svo sem kórinn, æskulýðsstarfið og Litrófið. Ýmis námskeið hafa verið haldin á fundum félagsins og má þar nefna leiklistarnámskeið, föndur- og bútaumaumsnámskeið kennsla í línudansi svo eitthvað sé nefnt. Þá hafa fræðsluerindi af ýmsum

toga verið haldin gegnum tíðina félagskonum til gleði og fróðleiks. Fundir félagsins eru fyrsta þriðjudag í mánuði frá október til maí í Safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju kl. 20, ef ekki er auglýstur annar tími. Desemberfundur er jólafundur og þá er hefðbundinn jólamatur á borðum, hangikjöt og jafningur og skipst er á jólapökkum, sungin jólalög og oft kemur jólasveinninn í heimsókn. Á maifundinum, sem er síðasti fundur vetrarins, er hattakvöld og boðið er upp á gómsætan mat. Utan hefðbundinna funda er farið í ferðalag á vorin, oftast í dagsferð. Þá er starfandi gönguklúbburinn "Fjallageitur" og er gengið einu sinni í viku yfir sumartímann. Kvenfélagið er í Bandalagi kvenna í Reykjavík og tekur þátt í ýmsum störfum þess.

Ekki borga

15.000 kr.
að óþörfu!



Þann 1. nóvember leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 8 í númeri.

Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

Aðalskoðun

www.adalskodun.is

Skoðunarstöðvar:

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

Breyttar áherslur í breyttu umhverfi

Sviptingarnar í efnahagslífi landans kalla víða á breytingar og uppstokkun. Fyrirtæki og heimili landsins þurfa að laga sig að breyttum áherslum og umhverfi og verkefni framundan eru margvísleg. Meðal breytinga sem glöggir Breiðholtsbúar hafa væntanlega áttað sig á er að útibúi Nýja Kaupþings Mjódd hefur sameinast útibúi bankans í Turninum í Kópavogi. Gunnar Jóakimsson er útibússtjóri í sameinuðu útibúi Nýja Kaupþings. Okkur lék forvitni á að kynnast Gunnari betur og þeim verkefnum sem liggja fyrir í sameinuðu útibúi.

Þétt útibúanet þrátt fyrir breytingar

Gunnar hefur unnið í bankanum í átta ár, fyrst í Búnaðarbankanum og síðar í Kaupþingi þegar bankarnir tveir sameinuðust árið 2003. Hann hefur lengst af starfað sem útibússtjóri í Kópavogi og segir gott að starfa þar. „Auðvitað hafa verið hæðir og lægðir í þessu starfi eins og öðrum en það sem stendur uppúr er að samstarfið við viðskiptavinum í Kópavogi hefur gengið vel og starfsandinn hér í útibúinu hefur verið góður,“ segir Gunnar. „Við opnuðum nýtt útibú bankans hér í Turninum í Kópavogi í byrjun árs 2008 og starfsemin hefur gengið vonum framár. Með sameiningunni við útibúið í Mjódd og jafnframt við afgreiðsluna í Hamraborg verðum við enn öflugri þjónustueining fyrir Kópavog og austari hluta höfuðborgarsvæðisins. Við teljum okkur jafnframt geta þjónað viðskiptavinum með fjölbreyttari hætti en áður þar sem starfsfólk hefur verið fjölgað verulega í útibúinu. Útibúanet bankans verður einnig hagkvæmara sem er nauðsynlegt á tímum sem þessum. Það má heldur ekki gleyma því að sífellt fleiri kjósa að eiga sín bankaviðskipti í netbanka og því ekki þörf á sama fjölda útibúa og áður. Við erum samt ennþá með þétt útibúanet á landinu en alls eru útibúi og afgreiðslur bankans 32 talsins.“

Áhrif hrunsins á starfsfólk

Gunnar segir að bankastarfsmenn hafi eins og aðrir landsmenn ekki farið varhluta af þeim breytingum sem hafa átt sér stað kjölfar efnahagshrunsins. „Við urðum eins og aðrir landsmenn fyrir áfalli í október á síðasta ári og þurftum á sama tíma að glíma við gremju einstaka viðskiptamanns í okkar garð. Þetta var því erfiður tími. Til okkar kemur þverskurður af þjóðfélaginu og þar á meðal fólk í mjög erfiðri stöðu, það er því skiljanlegt að fólk haldi ekki ró sinni í öllum tilfellum. Megin þorri okkar viðskiptavina hefur hins vegar verið mjög vingjarnlegur og kurteis og gerir sér grein fyrir því að það eru ekki almennir starfsmenn sem eiga sök á vandanum.“ Gunnar segir að efnahagshrunið síðasta haust hafi einnig haft áhrif á sig persónulega. „Það er ekkert sjálf-sagt í þessu lífi og hlutirnir geta breyst á svipstundu eins og við sáum síðasta haust. Við sitjum öll í sömu súpunni sem gerir það að verkum að ég á auðveldara með að skilja og setja mig í spor annarra. Kannski kreppan sé ekki svo slæm eftir allt saman,“ segir Gunnar og kímir.

Aðstoð við fólk í skuldavanda

Hann segir að í dag sé þunginn í starfi útibússins fyrir utan hefðbundna bankastarfsemi að aðstoða einstaklinga og heimili í skuldavanda sem hafi kom-



Gunnar Jóakimsson, útibússtjóri á skrifstofu sinni í útibúi Kaupþings í Turninum í Kópavogi.

id til í kjölfar kreppunnar. „Það fer mikill tími í að sinna fólki sem á í greiðsluferfiðleikum og finna viðeigandi úrræði. Tímabil frystinga þar sem fólk ýtti vandanum á undan sér er að ljúka. Nú þarf að finna lausn til frambúðar. Það eru margvísleg úrræði í boði fyrir fólk í skuldavanda og við hvetjum

fólk til að koma til okkar til að kynna sér þau. Þetta eru úrræði eins og skuldaaðlögun, greiðslu-aðlögun og greiðslujöfnun. Það er alltaf betra að koma í bankann og reyna að finna út úr vandanum með fagfólki frekar enn að gera ekki neitt,“ segir Gunnar. Hann leggur einnig áherslu á að það

ekki gleyma því að stór hluti fólks eigi ekki í vanda og það þurfi líka að hlúa að honum. „Það er brýnt að fjármálastofnanir veiti þessu fólki líka framúrskarandi þjónustu og gott vöruúrval og við reynum að leggja okkur fram um það hjá Nýja Kaupþingi.“

Afturhvarf til gamalla gilda

Gunnar segir enn fremur að grundvallarbreyting hafi orðið á Nýja Kaupþingi í kjölfar efnahagssviptinganna. „Þetta var alþjóðlegur banki þar sem mikil áhersla var á fjárfestingar og vöxt. Við erum hins vegar fyrst og fremst íslenskur banki í dag þar sem hver og einn viðskiptavinur er í fyrrrúmi og á því ætlum við að byggja upp nýjan banka. Það má segja að þetta sé á vissan hátt afturhvarf til gamalla gilda og hefðbundinnar bankastarfsemi sem hentar aftur vel í nútíma umhverfi,“ segir Gunnar að lokum.

Stafræn framköllun
200 myndir og albúm
5.400 kr.

20 ára
afmælistilboð
12.-30. okt.

Strigaprentun
20% afsláttur

Myndarammar
20% afsláttur

Stækkanir
200 kr./stk.
13x18 og 15x21

myndval
Þönglabakka 4 (Mjódd) sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

HJÁ SÖRU
Blóm og Galleri

Tilboð vikunnar
Nóvemberkaktusar
590 kr
Hvítar Alparósir - stórar
1490 kr

Verið velkomin í
blómlegt og notalegt
umhverfi

Listaverk Leiðiskrossar Gjafavara

Útfararskreytingar og blóm fyrir öll
tilefni

Búðakór 1, 203 Kóp. Opnunartími: mán – fim : 11 – 20
sími 555-2776 föst – laug : 11 – 21
www.hjasoru.is sun: 11 – 18

Sparaðu og kaupðu daglinsur í Augastað

Easytwist barnagleraugu með sveigjanlegu titani á góðu verði í Augastað

Gleraugnaverslunin þín

augastaður
Mjóddinni • Höfða • Firði • Akureyri • Selfossi

• Sjónmælingar
• Linsumátanir
• Gleraugu fyrir alla fjölskylduna

Gucci Dior Boss
MaxMara Giorgio Armani
Diesel Marc Jacobs o.fl.

Aðstoð við fólk í skuldavanda

Hann segir að í dag sé þunginn í starfi útibússins fyrir utan hefðbundna bankastarfsemi að aðstoða einstaklinga og heimili í skuldavanda sem hafi kom-

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Pórður Einarsson, (Doddi) þjálfari og framkvæmdastjóri Leiknis rifjar æskuna í Breiðholti upp að þessu sinni. Þórður er Fellamaður, hefur verið þar frá tveggja ára aldri og heldur fast með hverfinu og Leikni. Foreldrar hans eru Einar Marel Þórðarson og Margrét Harðardóttir.

Lífið var fótbolti

Við fluttum í Rjúpufell 25 þegar ég var um tveggja ára og hef verið í Fellunum allar götur síðan. Ég man fyrst eftir mér í kringum fjögurra ára aldurinn þegar ég var að sækja besta vin minn í leikskólann. Ég náði ekki alveg upp í hurðarhúnninn á leikskólanum en venjulega gat ég skotið mér inn en það þótti sjálfsagt að fjögurra ára gutti sækti annan fjögurra ára gutta í leikskólann. Við hjuggum reyndar við hliðina á leikskólanum. Þegar ég var að alast upp voru mun fleiri krakkar í hverfinu en nú. Þegar ég byrjaði í Fellaskóla voru um 1200 krakkar í skólanum.

Fellaskóli var kjafftfullur af krökkum og við skiptumst á um að vera í skólanum fyrir eða eftir hádegi. Við vorum fyrir hádegi hálfan veturinn og eftir hádegi hinn helminginn. Þessu var skipt fyrir og eftir jól en ekki í eldri krakka sem mættu á morgnana og yngir sem komu síðar á deginum. Okkur var alveg sama hvenær við fórum í skólann. Maður var svo lítil og vaknaði alltaf svo snemma. Þegar ég lauk Fellaskóla voru um 600 krakkar þar og ég held að þau séu um 350 í dag. Þetta sýnir hvernig íbúasamsetningin hefur breyst. Það er mun færri barnafólk í Fellunum en var fyrir tveimur áratugum.

Lífið var fótbolti

Það var ótrúlegt að alast upp í þessum krakkaskara. Hvert Fell náði í lið í fótbolta og stundum var búið til fótboltalið í hverri götu. Nú þarf að fara um öll Fellin til þess að skrapa saman í eitt samlegt lið. Á þessum árum bjuggu gamlar fótboltastjórnur á borð við Rúnar Kristinsson í Fellunum og þessar kempur voru fyrirmyndir okkar hinna yngri en þeir voru að spila fótbolta á malbikinu við Fellaskóla bara rétt eins og við. Það var oft erfitt að fá völinn við Fellaskóla því hann var þéttsetinn og við litlu strákarnir þurftum oft að lúffa fyrir þeim eldri. Vellirnir á sumrin voru pakkaðir frá morgni til kvölds. Það var hreinn fjarsjóður að ná velli. Vellirnir voru auðvitað allir lagðir malbiki en það sá engin nokkra hindrun í því. Svo á veturna þegar snjóaði og vellirnir voru á kafi áttum við það til að fá lánaðar skóflur hjá gangavörðunum og moka völinn. Þótt að aðstæðurnar væru svona fumstæðar var spilað miklu meira en gert er í dag. Fyrir okkur var eins og jólnin að fá völl. Í dag eru upphitaðir sparkvellir út um allt. Það hefði verið himnaríki fyrir okkur. En það kom aldrei neitt annað til greina en fótboltinn hvernig sem aðstaðan var. Lífið var fótbolti.

Vældi um að fara í KR

Við vorum þrír miklir vinir. Ég, Gunnar Örn Jónsson og Magnús Guðmundsson sá sem tók á móti mér í glugganum í Rjúpufellinu þegar við fluttum. Gunnar átti eldri bróður sem var í Val. Hann kynnti okkur fyrst fyrir fótoltanum síðan vorum við alltaf að sparka. Við vorum bara úti á túni eða á malbikinu að gera alla brjálaða. Upphafið af því að við byrjuðum að æfa var þegar við vorum

eitt sinn í einsparki við lðufell þar sem Bónus var síðar. Karl Hageensen kom þá aðvífandi þegar hann sá okkur í bolta og spurði hvort við vildum ekki kíkja á æfingu. Við vissum lítið um svona alvöru æfingar á þeim tíma og héldum að þessar æfingar væru inni í gamla Leikniskófanum sem þá var alveg glænýr en jafnframt einungis 110 fm svo þetta var smá misskilningur hjá mér. Við ætluðum þá að fara að mæta á æfingar en fannst Leiknir ekki nógu finn fyrir okkur sjö ára gamla guttana. Ég man að ég vældi um að komast í KR og það fékk góðar undirtektir heima þar til mamma komst að því að KR var í Vesturbænum. Ég var beittur þristingi og plataður í Leikni með fortölum um að Jóí Núma og Finnur Núma nágrannar okkar sem ég leit upp til væru í Leikni, það nægði til að semja um sátt til þriggja ára. Ég lét því til leiðast að vera þar til 10 ára aldurs því þá fengjum við að fara með Strætó í Vesturbæinn. En það varð aldrei úr því og ég er enn í Leikni 21 ári síðar.

Lágt risið á þessum tíma

Leiknir var ekki hátt skrifað á þessum tíma. Það skein allsstaðar í gegn. Krakkar sem gátu eitthvað voru ekki í Leikni og þess vegna vildi maður ekki fara þangað sem þakkur. Bróðir vinar míns var Valsari og Rúnar Kristinsson sem bjó í Fellunum og var hetjan okkar var í KR. Okkur fannst við eiga að fara í stóru liðin. Leiknir þurfti að glíma við þennan hugsunarhátt og hélt illa á mannskap. En svo koma að því að við nokkrir strákar sem erum fæddir á bilinu 1981 til 1984 ákváðum að halda okkur við Leikni og reyna að ná félaginu upp. Gunnar Hauksson, umsjónarmaður Austurbergs, sem lést nú fyrir skömmu var mjög jákvæður í okkar garð og var mikið í kringum félagið, hann hafði mikil áhrif á þá ímyndarbreytingu sem átti sér stað. Magnús Einarsson kom svo að félaginu 1993 og upp úr því fengum við gervigras. Þá fyrst fór Leiknir að breytast úr því að vera nokkurskonar annars flokks félag sem var ekki að ná sér á strik í alvöru íþróttafélag. Magnús sá um að þjálfar og í framhaldi skiluðu sér góðir flokkar og nokkrir sterkir karakterar sem hafa haft afgerandi áhrif á Leiknir. Þetta var stór breyting fyrir félagið. Á árunum 1994 og 1995 kom nýtt fólk inn i unglingaráðin og



Doddi með ungum Leiknismanni á Leiknisvöllinum.

sumt af því er enn starfandi með félaginu. Þarna voru menn einsog Arnar Einarsson og Guðmundur Birgisson og kjarnakvendi eins og Ellen Klara Eyjólfsdóttir og Björk Þorgeirsdóttir sem rifu félagið upp úr öskustónni og hafa lagt gríðarlega vinnu í það. Það eru þetta fólk sem á hvað mestan þátt í þeirri góðu stöðu sem það er í dag ásamt áðurnefndum Magga Einars. Það má þó aldrei gleyma þeim sem strögluðu í þessu um árabíl þótt á móti blési menn eins og Leiknisljónið Alfreð Alfreðsson.

Vilhjálmur Þ. og Alfreð

Leiknir hefur líka þurft að heyja baráttu við borgaryfirvöld. Árið 2000 var talað um að ekkert yrði gert á Leiknissvæðinu næstu árin. Þetta er dálítið fyndið að þegar húsið var svo loksins reist var fiaskó í borgarmálunum og rifist um heiðurinn af því hver hefði tekið af skarið um að ákveða bygginguna. Ég veit það ekki en ég veit að Vilhjálmur Þ. Vilhjálms-son reyndist okkur vel. Vilhjálmur býr í Breiðholtiinu og hann setti málefni hverfisins stundum fram- ar pólitíkinni. Alfreð Þorsteins-son var okkur einnig hjálplegur á



Ungir Leiknisstrákar á ferð í Færeyjum.



Þórður Einarsson, þjálfari og framkvæmdastjóri Leiknis.

Sakna Pólverjanna á vellinum

Ég sakna þess að Pólverjarnir skuli ekki skila sér betur á völinn því Pólverjar eru góðir fótboltamenn og eiga sér mikla fótbolta- menningu. Þó koma alltaf einhverjir og við í Leikni finnum að þessir krakkar eru mjög vel upp aldir og þá á ég ekki aðeins við Pólverjana heldur aðra nýbúa í hverfinu. Það gefur krökkunum mikið að búa við svona fjölmenn- ingarsamfélag, einkum íslensku börnunum. Flestir eru úrvals fólk og það er óhugnanlegt þegar 10 manna glæpagengi er að eyðileggja fyrir tugum og hundruðum landa sinna sem eingöngu vilja vera nýtir þegnar og lífa í sátt og samlyndi við annað fólk. Þetta á við um fleiri Austur Evrópu þjóðir eins og Litháa. Fámennar klíkur hafa verið að koma öðrði á heilar þjóðir í augum okkar. Á tímabili var mikið um fordóma gagnvart fólki frá Asíu en ég held að þeir séu sem betur fer horfnir. Þetta fólk hefur sannað sig.

Líflausara hverfi í dag

Þetta byrjaði bara svona. Mamma keypti fyrstu takkaskóna handa mér. Hún ætlaði líka að kaupa legghlífar en keypti óvart hnjáhlífar. En það var auðvelt að fara og skipta. Þá voru þrjár sportbúðir í hverfinu og raunar iðaði hverfið allt af búðum. Búðirnar settu svip á það og mikið líf í kringum þær. Svo voru nokkrir pönkarar í hverfinu. Þeir gengu um með hanakambana upp í loftið. Klæddir í svart og tóffaralegir. Við minni pollarnir vorum stundum hræddir við þá. Fellahellir var líka á þessum tíma. Held að hann hafi verið mjög vel heppnu- lef félagsmiðstöð. Ríkk Rokk tónleikar voru haldnir í Fellahelli og tónlistin hljómaði um allt hverfið. Mér finnst eins og Fellahverfið sé svolítið líflausara í dag. Fyrirtæki þrífust ekki í græðgisvæðingunni og búðirnar hurfu. Nú búa um 9,500 manns í Fellunum og þar er ekki eitt einasta bankaútibú, mun færri búðir eða sjoppur en þegar ég ólst upp og Fellahellir horfin á braut. Ýmislegt hefur þó batnað einkum aðstaða íþróttafélagsins, að mörgu leiti hefur hverfið fengið ferskt fólk með öllum nýbúunum og manni finnst hverfið vera orðið barnvænna. Enda hvergi betra að búa.

Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri sérfræðipjónustu skóla í Breiðholti skrifar:

Pjónusta við börn, fjölskyldur og skóla í Breiðholti

Nú er Þjónustumiðstöð Breiðholts að hefja sinn fimmta vetur í þjónustu við íbúa og skóla í hverfinu, en árið 2005 fóru sérfræðipjónusta leikskóla, grunnskóla og félagsþjónustan í eina sæng. Við það styrktist faglegt samstarf kringum börnin sem virðist einnig skila sér til íbúanna ef horft er til þjónustukannana.

Skólar og foreldrar geta leitað til okkar

Allir leik- og grunnskólar og forráðamenn barna eiga samkvæmt lögum að hafa gjaldfrjálst aðgegni að sérfræðipjónustu sem kostuð er af sveitarfélaginu. Sérfræðipjónusta fyrir leik- og grunnskóla í Breiðholti er staðsett á Þjónustumiðstöð Breiðholts og samanstendur af hinum ýmsu ráðgjöfum; félags-, kennslu- og sérkennsluráðgjöfum, sálfræðingum og þroskaþjálfá sem skólar og íbúar geta leitað til vegna sinna barna. Bæði skólar og foreldrar geta leitað til okkar þegar þeir hafa einhverra hluta vegna áhyggjur af barni eða unglingi, en auk þess geta skólarnir óskað eftir bæði ráðgjöf og handleiðslu vegna deilda, bekkja, árganga eða einhvers sem þeir telja sig þurfa til að bæta enn frekar sitt góða starf.

Rétt að ráðfæra sig við fagmann

Ef áhyggjur vakna vegna barns eða unglinga og veru þess í skólunum skal alltaf ráðfæra sig við næsta fagmann sem ber ábyrgð á barninu í leik- eða grunnskólanum, svo sem leikskólakennara, umsjónarkennara barnsins eða skólastjórnanda. Þessi aðili er foreldrum alltaf innan handar og ráðgjafar varðandi stöðu og líðan barnsins. Ef áhyggjur aukast eða eru viðvarandi, væri næsta skref að óska eftir aðkomu sérfræðipjónustunnar, helst gegnum fagaðilana innan skólanna en annars með því að hafa samband við Þjónustumiðstöðina. Aðgegnið að ráðgjöfum þjónustumiðstöðvarinnar er í gegnum komu, síma, heimasíðu (www.breidholt.is) eða netföng tengiliða skólanna, sem sjá finna á heimasíðunni. Einnig veita bæði leik- og grunnskólar upplýsingar um tengiliði skólanna á heimasíðum sínum eða í gegnum ritara skólanna.

Námskeið eru aðgengileg

Helstu áhyggjur sem kvikna varðandi börnin tengjast yfirleitt breyttri hegðun, líðan, samskiptum eða þroskastöðu barnsins. Þjónustumiðstöð Breiðholts leitast við að vinna eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun sem gerir ráð fyrir því að brugðist sé skjótt við vandanum, hann skilgreindur og fylgt eftir með viðurkenndum aðferðum sem eiga að bæta hag barnanna. Biðtími eftir fyrstu aðkomu getur verið mismunandi eða allt frá einni viku til um 6 mánaða. Yfirleitt er fyrsta skrefið í aðkomu þjónustumiðstöðvarinnar að sálfræðingur greinir vandann og leggur til næstu skref í samvinnu við skólann, forráðamenn og aðra ráðgjafa þjónustumiðstöðvarinnar. Næstu skref gætu verið uppeldisráðgöf við forráðamenn, kennslu- eða sérkennsluráðgjöf við skólann, viðtöl við barnið, félagsleg ráðgjöf, námskeið fyrir foreldra eða barnið og ráðgjöf varðandi þroskastöðu og framvindu vandans. Einnig gæti verið um að ræða stuðningsþjónustu í formi persónulegs ráðgjafa, uppeldisráðgjöf inn á heimilið eða tilsjón, stuðningsfjölskyldu eða liðsmann. Námskeið sem eru foreldrum, börnum og unglingum aðgengileg, oft með litlum kostnaði, eru uppeldisnámskeið fyrir foreldra og sjálfstyrkingarnámskeið fyrir börnin, svo sem skapstillingarnámskeið

og námskeið sem styrkja eiga hugsun, hugarfar og líðan. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu þjónustumiðstöðvarinnar. Ef upp koma atvik í skóla sem varða agabrot, skólasókn eða lögbrot nemenda er þjónustumiðstöðin börnunum, forráðamönnum og skólunum

til taks, eina sem þarf er að hafa samband. Margt fleira er á könnu þjónustumiðstöðvarinnar og hvet ég fólk til að leita upplýsinga og/eða hafa samband þegar glímt er við ýmis erfið úrlausnarefni innan fjölskyldunnar og í skólanum.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Landsbankinn mun í vetur bjóða upp á röð fjármálanámskeiða fyrir almenning undir yfirskriftinni **Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld**. Markmið námskeiðanna er að auðvelda fólki að öðlast betri yfirsýn yfir fjármálin svo því sé unnt að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins og móta fjárhagslega framtíð fjölskyldunnar.

Dagskrá fjármálakvölda í október og nóvember

22. október	Aðalbanki	Fjármálaskilningur
29. október	Mjódd	Fjármál heimilisins
5. nóvember	Ísafjörður	Fjármál heimilisins
12. nóvember	Akranes	Fjármál heimilisins
19. nóvember	Hamraborg	Fjármál heimilisins

Skráning fer fram á landsbankinn.is og í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á landsbankinn.is.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4000

Heitur matur í hádegishlaðborði alla virka daga í kaffihúsinu í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

Gallery fiskur s: 587-2882 www.galleryfiskur.is Nethyl 2, 110 Reykjavík

Tilboð

Fallegar gelneglur með French aðeins Kr. 6.500 French gel á tásur aðeins Kr. 4.500 Litun og plokkun kr. 2.800 Allar vaxmeðferðir á 15% afslætti

F Fætur & fegurð HÓLAGARÐI • LÓUHÓLUM 2-4 • SÍMI 557 5959



Arnór L. Pálsson framkvæmdastjóri Ísleifur Jónsson útfararstjóri Frímenn Andriðsson útfararþjónusta Svavar Magnússon útfararþjónusta

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Hugrún Jónsdóttir útfararþjónusta Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta Þorsteinn Elísson útfararþjónusta Ellert Ingason útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Svavar Stefánsson

Merkilegt framtak í Breiðholti

Fyrir fáeinum misserum var þess farið á leit við starfsfólk Fella- og Hólakirkju, af kirkjuyfirvöldum að leggja sérstaka áherslu á að sinna nýbúum í hverfunum. Var stofnaður starfshópur um verkefnið og ýmislegt gert til að auka aðgang nýbúa að ýmsum viðburðum og samkomum með þátttöku fólks af ýmsu þjóðerni. Eins og reikna mátti með var þátttaka í viðburðum misjöfn, sumt var vel sótt, annað síður. Við fengum dýrmæta reynslu og komumst í samband við marga einstaklinga úr ólíkum menningar- og trúarheimum til okkar.

Eitt af því sem við sáum að myndi bera hvað dýrmæstastan árangur var starf með börnum og unglingum af ólíku þjóðerni. Djákninn okkar, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, stofnaði listasmiðju sem nefnd var Litróf. Nafnið skírskotar til ólíks bakgrunns og menningar – Litróf mannlífsins. Hlutverk listasmiðjunnar hefur verið að safna saman hópi barna og unglinga til að tjá sig í söng, leikrænni tjáningu og öðrum skapandi tjáningarformum. Allir starfsmenn Fella- og Hólakirkju ásamt sóknarnefndum voru upplýstir um þetta verkefni og beðnir um aðstoð. Ekki stóð á jákvæðum undirteknum.

Er skemmst frá því að segja að

Litrófið – listasmiðja Fella- og Hólakirkju hefur svo sannarlega vaxið og dafnað og er nú einn blómlegasti þátturinn í safnaðarstarfi kirkjunnar. Hægt var farið af stað, 10-15 einstaklingar komu fyrstu mánuðina en starfið hefur vaxið og dafnað. Guðný Einarsdóttir, organisti kirkjunnar, Heiðrún Guðvarðardóttir og Hilmar Örn Agnarsson sem leysti af sem organisti s.l. vetur, hafa lagst á áramar með Ragnhildi og skapað vettvang í kirkjustarfinu sem sannarlega hefur blómstrað. Nú eru yfir 50 börn og unglingar þátttakendur í starfinu. Er nú verið að skipta þessum hóp í tvo hópa, yngri og eldri deild. Og stöðugt bætist við. Í þessum hópi eru börn og unglingar af ólíku þjóðerni og allir taka þátt í starfinu af gleði og metnaði, engar hindranir spilla góðum anda í hópnum.

Nú fyrir um ári síðan var ákveðið að Litrófið gæfi út hljómdisk með jólaögum sem flest eru sam-in af Ragnhildi djákna við texta eftir hana og aðra höfunda. Þessi hljómdiskur er nú í vinnslu og mun koma út síðari hluta nóvember. Ég hef fengið að fylgjast með þessu starfi og það er ótrúlega ánægjulegt að finna hve vel hefur tekist til. Upptökur fóru fram í Fella- og Hólakirkju, hljóðverið sem sér um

að búa lögin til birtingar er staðsett í næstu götu við kirkjuna þar sem upptökumaðurinn, Jón Skuggi býr, einn félagi í kirkjukórnum hefur útbúið hulstur og kynningarbækling með hljómdiskinum og frábært sóknarfólk hefur lesið og lagað texta og birtingu efnis. En auðvitað hefur djákninn okkar, hún Ragnhildur, borið hitann og þungann af þessu starfi.

Það sem er svo ánægjulegt, er að finna þennan jákvæða hug og vinnu fullorðinna við að aðstoða börnin og unglingana og metnaðinn að gera þennan hljómdisk eins glæsilegan og reyndin er. Hér er skýrt dæmi um árangur þess að vinna saman og hafa metnað til að vinna vel. Nú hefur verið stofnað foreldrafélag um Litrófið og það er von okkar að þetta verkefni megi áfram dafna og vaxa til blessunar þátttakendum og safnaðarstarfi kirkjunnar. Munum að við sáum, en Guð gefur vöxtinn. Á tímum svartsýni og neikvæðni er okkur nauðsynlegt að hlúa að þeim sprotum sem eru jákvæðir og auðga mannlífið. Leyfum okkur að hlakka til að heyra lögin af hljómdiski Litrófsins, njóta þeirra og greiða götu þeirra með því að eignast diskinn. Það eru góðir hlutir að gerast í Breiðholti. Hugleiðum það og styrkjum!

Haustdagar í Hólagarði

Tilboð alla daga

Stelpukvöld í Hólagarði

fimmtudaginn 22. okt. frá kl. 19:30-22:00

Eplakaka + peytirjómi á tilboði aðeins kr. 1.190.-



Opnum kl. 7:30 alla virka daga og kl. 8:30 um helgar.

Verið velkomin - Veljum íslenskt.



Sveinsbakari

ARNARBAKKA 4-6 • SÍMI 557 2600

Ólympíustærðfræði í Seljaskóla

Námskeið í Ólympíustærðfræði fara nú fram í Seljaskóla en þau eru haldin í samvinnu við Háskólinn í Reykjavík. Ólympíustærðfræði eru námskeið þar sem leystar eru þrautir sem reyna á hugmyndaflug og rök-hugsun.

Þetta eru ögrandi verkefni fyrir krakka sem hafa gaman af að glíma við þrautir og að reikna. Áhersla er á ánægju af stærð-

fræði, innsæi og frumleika í lausnum á þrautum. Áhersla er lögð á samvinnu á æfingum.

Markmið Ólympíustærðfræði er að örva áhuga á stærðfræði og að kynna mikilvæg stærðfræðileg hugtök. Einnig að kenna megin aðferðir við þrautalausnir og þróa stærðfræðilegan sveigjanleika í þrautalausnum. Námskeiðunum er ætlað að styrkja stærðfræðilegt innsæi, örva sköpun og hugvit í

stærðfræði og að veita ánægju af því að takast á við ögrandi verkefni. Ólympíustærðfræðiverkefni eru fyrir krakka í 5. til 6. bekk annars vegar og 7. til 8. bekk hins vegar. Hóparnir hittist einu sinni í viku í klukkutíma í senn í skólanum. Reglulega er svo keppt og í vor er svo verðlaunaafhending þar sem veitt eru verðlaun eftir frammistöðu einstaklinga og liða.

Ölduselingar í hvaðaskoðun

Nemendur sjötta bekkjar í Ölduselsskóla fóru í hvalaskoðun með hvalaskoðunarskipinu Eldingu þriðjudaginn 1. september. Tveggja hæða rúta á vegum Eldingar kom og sótti krakkana í skólann og það var því strax spennandi að komast af stað.

Þegar um borð var komið fóru

allir í björgunarvesti og skoðuðu sig svo um í bátnum. Haldið var af stað út á Faxaflóann í leit að hvölum og eftir rúmlega 40 mínútna siglingu fóru hlutirnir að gerast. Hópur af hnísunum tók að leika sér framan við bátinn og skömmu síðar kom hrefna í ljós. Áður en ferðinni lauk höfðu krakkarnir séð

sjö hrefnur sem voru í ætisleit á þessum slóðum. Sjórinn var nokkuð úfinn og því urðu sumri farþeganna slappir þar sem sjóveiki gerði vart við sig en um leið og lagt var af stað í land hresstust flestir. Þetta var skemmtileg ferð og allir voru sjálfum sér og skólanum til mikils sóma.

Um 40 til 60 í Hólmaseili á kvöldin

Starfið í Hólmaseili hefur farið vel af stað í vetur. Á bilinu 40 til 60 unglingar eru að meðaltali í Hólmaseili á kvöldin sem koma og leika sér meðal annars í pool, bandí, sokkabolta og PS3.

Í vetur er svo ætlunin að vera með sérstök stelpu- og stráka kvöld einu sinni í mánuði ásamt því að bjóða upp á skemmtilega og fjölbreytta

dagskrá sem hentar flestum. Á döfinni í vetur er meðal annars óvissuferð, Halloween kvöld og Rímnaflæði svo eitthvað sé nefnt. Opíð er alla daga á milli 14:00 til 17:00 og mánudaga til miðvikudaga á milli 19:30-22:00. Lokað er fimmtudagskvöld en opíð er á föstudagskvöldum frá 19:30 til 23:00. Í Hólmaseili er einnig starfrækt 10 til 12 ára starf tvisvar í viku.

Á mánudögum og miðvikudögum á milli kl. 15:00 til 17:00. Þá er eitthvað skemmtilegt gert, eins og spila Gítar Hero, farið í kappát og spilað fússball. Hvetjum má alla krakka í Öldusels- og Seljaskóla að nýta sér þennan tíma til að kynnst félagsmiðstöðinni sinni betur.

Allar fleiri upplýsingar má finna á heimasíðunni www.holmasel.is.

Íbúasamtökin Betra Breiðholt MARKAÐURINN Í MJÓDD

GÓÐA
SKEMMTUN



Markaður verður haldinn í göngugötunni
Mjódd laugardaginn
17. október
kl. 11:00 - 14:00

Viltu selja

Viltu gefa

Viltu syngja

Viltu skemmta

Þarftu að rýma geymsluna? Er bílskúrin fullur? Sultaðir þú of mikið? Geturðu ekki borðað allar rófur og berin? Viltu skipta á skólabókum og plötum?

Er saumaklúbburinn, kórinn, foreldrafélagið, bekkurinn eða íþróttafélagið að safna?

Þetta er tilvalið tækifæri til fjáröflunar.

Allir velkomnir - hvort sem þú vilt selja, gefa, kaupa, syngja, spila eða upplifa stemninguna.

Seljendur panti pláss fyrir 16. október með því að senda tölvupóst til ibbr@visir.is



Góð hreyfing
er lykillinn að góðri heilsu


Þáttaka kostar ekki neitt, þú kemur bara með borðið og það sem þú vilt hafa til sölu eða ef það er eitthvað sem þú vilt gefa.

HITUM UPP FYRIR BREIÐHOLTSDAGANA

facebook

ibbr@breidholt.is

ÍBÚASAMTÖKIN BETRA BREIÐHOLT



Laugarnar í Reykjavík



www.itr.is | sími 411 5000

Nýtt sundár og fyrsta mót vetrarins búið

Þá er hafði nýtt sundár hjá sundfélaginu Ægi og aldrei hafa verið skráðir fleiri iðkendur en nú. En hjá félaginu eru nú skráðir 17 æfingahópar sem æfa í fjórum sundlaugum. Ægiringar setja markið hátt eftir velgengni síðasta árs en þá unnust margir sigrar og stefnan sett á að halda þeim öllum og gott betur. Félagið er að sjálf-sögðu líka með hópa þar sem við einbeitem okkur að sundkennslu fyrir yngri kynslóðina og eru þeir mjög vel sóttir og margir góðir sundmenn hafa byrjað sinn feril þar.

Helgina 9 til 11. október var svo fyrsta mótið okkar en það var Tyr-mót sundfélagsins Ægis. Þangað fóru allir iðkendur félagsins sem eru orðnir vel syndir og þekkja til sundmóta. Það voru því rúmlega 100 krakkar frá Ægi sem tóku þátt í mótinu. Mótið gekk í alla staði mjög vel og stóðu krakkarnir sig fráþærlega og var sérstaklega gaman að fylgjast með yngstu krökkunum sem þarna voru að taka þátt í sínu fyrsta stóra móti. Mörg góð sund sáust á mótinu og sett Eygló Ósk Gústafsdóttir telpnamet í 400 m skriðsundi



Hressir Ægiringar.

auk þess sem Jakob Jóhann Sveinsson Ægi, Hrafnhildur Lúthersdóttir SH og Ragnheiður Ragnarsdóttir KR náðu lágmörkum á EM og lofar þetta góðu fyrir framhaldið.

Næst á dagskrá hjá Ægiskrökkum er síðan Fjölnis mót um mánaðarmótin okt.-nóv. og síðan er það Íslandsmeistaramótið í 25m laug (ÍM25) en það verður haldið um miðjan nóvember. Það verður því spennandi að fylgjast með hvað þau gera á þessum mótum.

Freyr að gera fína hluti

Leiknismaðurinn Freyr Alexandersson hefur heldur betur verið að gera fína hluti með kvennalið Vals. Valsstelpur unnu á dögum Íslandsmeistararitil kvenna eftir harða baráttu við Breiðablik og Stjórna. Freyr þjálfaði liðið einn í fyrsta sinn í sumar. Liðið lék svo úrslitaleikinn í bikarkeppninni og þar kom Leiknisfólk heldur betur við sögu.

Í úrslitaleiknum var leikið gegn Breiðabliki og lengi vel var jafnræði með liðunum en Breiðablik komst yfir þegar skammt lifði leiks. En þá tóku Leiknisstelpurnar í liði Vals sig til og slátruðu gjör-samlega leiknum. Laufey Ólafsdóttir sem lék með strákunum í Leikni í mörg ár hafði tekið fram skóna að nýju á miðju sumri. Þessi frábæri leikmaður hafði einmitt verið einn albesti leikmaðurinn í drengjaflokkum Leiknis á árum áður. Hún jafnaði leikinn fyrir Val og tryggði þeim framlengingu. Í framlengingunni skoraði önnur Breiðholtsmaer sem hóf að slíta knattspyrnuskóm sínum á Leiknisvelli. Kristín Yr Bjarnadóttir skoraði með stórglæsilegum skalla og kom Val yfir 2-1. Kristín lék með strákunum í Leikni sem urðu Íslandsmeistarar í 6. flokki árið 1994 og stóðst þeim algerlega snúninginn. Laufey og Kristín settu svo sitt markið hvor og

leiddu Valsliðið til sigurs á Laugar-dalsvelli. Það voru því þrír gamlir Leiknismenn sem rifu Íslands og bikarmeistararitilinn á loft. Annar gamall Leiknisdátí var svo í svið-ljósinu í bikarúrslitaleik karla. Hannes Þór Halldórsson mark-vörður. Hannes átti prýðilegan leik í marki Fram sem lék gegn Breiðabliki en því miður þurfti hann að þola tap eftir vítaspyrnu-keppni. Hannes varði eina spyru í vítaspyrnukeppninni og átti annars góða leik. Hannes lék með Leikni allt fram til ársins 2005 og var meðal annars Íslandsmeistari í 6. flokki árið 1994.



Hressar stelpur á nýliðanámskeiði hjá ÍR í september

Komdu og prófaðu knattspyrnu hjá ÍR!

Öllum stelpum er boðið að æfa FRÍTT í einn mánuð hjá ÍR. Svo þegar þú greiðir æfingagjöldin færðu bolta að gjöf. Allar upplýsingar á www.irsida.is

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Mikið úrval af íþróttavörum og leikföngum

Leiksport

Sími 5575020 **Hólagarði**

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:
511 1188 & 895 8298
borgarblod.is



Opnunartímar:
Mánud. Þriðjud og Miðvikud. 12:00 til 15:00
Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30
Föstudaga 13:00 til 20:00
Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00
Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00

VETUR 2009-2010

UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK





Hefur þú kynnt þér hvað er í boði fyrir börn og unglinga í borginni?
Á vefsíðu ÍTR er að finna á annað hundrað aðila að Frístundakortinu.
www.itr.is

United Kingdom Winter activities in the city for children and teenagers: have you acquainted yourself with what is being offered? There are nearly 200 sponsors to the Leisure Card, which may be found at ITR's website www.itr.is. (The Department of Sports and Leisure)

Spain Actividades invernales en la ciudad para niños y adolescentes: ¿se ha familiarizado usted con lo que se está ofreciendo? Hay cerca de 200 patrocinadores de la Tarjeta de Ocio, que puede encontrar en la página web de ITR www.itr.is. (El Departamento de Deportes y Ocio)

Poland Zajęcia zimowe w mieście dla dzieci i nastolatków: czy zapoznaliście się z ofertą? Jest prawie 200 sponsorów karty rekreacyjnej, których można znaleźć na stronie ITR www.itr.is. (Wydział Sportu i Rekreacji)

Thailand กิจกรรมงานฤดูหนาวในเมืองสำหรับเด็กและวัยรุ่น คุณเคยรู้จักกับกิจกรรมที่เราส่งเสริมด้วยตัวของคุณเองแล้วหรือไม่ว่า? ซึ่งมีผู้ให้การสนับสนุนสำหรับบัตรกิจกรรมนันทนาการนี้เกือบ 200 ราย ที่ซึ่งคุณสามารถค้นหาข้อมูลข่าวสาร "ดอทเว็บไซต์" www.itr.is ของ ITR (แผนกกีฬาและการนันทนาการ)

ÍTR · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 411-5000 · www.itr.is · itr@itr.is

Leikjanámskeiðin tókust vel

Leikjanámskeiðin tókust mjög vel á liðnu sumri. Líkt og undanfarin ár var boðið uppá íþrótt- og leikjanámskeið á vegum ÍR, fjörkálfnámskeið í knattspyrnu og frjálsum íþróttum auk þess sem boðið var uppá handboltaskóla Bjarna Fritz í ágúst en það er í fyrsta sinn sem slík kennsla er í boði. Öll þessi námskeið voru vel sótt enda veðrið eins



Þessar tvær tóku þátt í leikjanámskeið á vegum ÍR í sumar.



Hópur sest niður að lokinni æfingu.

ÍR-ingar í Barcelona

Þrír ÍR-ingar, þeir Torben Gregersen, Trausti Valdimarsson og Erlendur Birgisson kepptu í Ironman í Barcelona á Spáni sunnudaginn 4. október. Í þríþrautinni sem þeir félagarnir kepptu í voru vegalengdirnar eftirfarandi: 3.8 km sjósund, 180

km hjóleiðar og að lokum maraþonhlaup 42.2 km. Mikill hiti gerði mönnum erfitt fyrir en engu að síður náðist góður árangur okkar manna: Torben Gregersen lauk þrautinni á 10 klst og 49 mín. Trausti Valdimarsson lauk þrautinni á 11

klst. og 13 mín sem var bæting um heilar 23 mín. Erlendur Birgisson lauk þrautinni á 12 klst 22 mín, sem var bæting um hvorki meira né minna en 1 klst og 10mín. Frábær árangur og um að gera að “krydda” æfingatímabilið með slíkum afrekum

Vetrarstarfið komið á fullt

Nú eru allar þær deildir hjá ÍR sem tóku sér sumarfrí komnar á fullt aftur. Fyrstu leikirnir í handboltanum og í körfunni hjá meistaraflokkum karla eru búnir og margir leikir framundan og það á einnig við um leiki meist-

araflokk kvenna í handboltanum. Við biðjum ykkur að hafa samband við okkur á skrifstofunni í síma 587-7080 ef ykkur vantar einhverjar upplýsingar en einnig má nálgast þær á heimasíðunni

www.irsida.is Gerum veturinn skemmtilegan og tökum virkan þátt með félaginu okkar og hvetjum börnin til þess að taka þátt í íþróttum, því það er ein leiðin til að njóta lífsins. Alltaf heitt á könnunni.

Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is
Heimasíða: irsida.is

Íþróttaskóli barnanna á þriðjudögum



Við hjá ÍR viljum minna á að íþróttaskóli barnanna, þriggja til sex ára er á þriðjudögum í ÍR-heimilinu frá kl. 16.00 til 18.00. Leikfimi fyrir eldri borgara er á þriðju- og fimmtudögum í ÍR-heimilinu kl. 9.00. Leikfimi fyrir konur er í ÍR-heimilinu á mánudögum og fimmtudögum kl. 17.30. Hóþleikurinn í tippinu byrjaði laug-

ardaginn 19. September. Tippum alla laugardaga milli kl. 11.00 og 13.00. Allir velkomnir og við bjóðum uppá kaffi og brauð. Tilvalið fyrir fjölskylduna að byrja daginn í ÍR-heimilinu. Nánari upplýsingar má finna inná www.irsida.is eða með því að hringja í síma 587-7080 Alltaf heitt á könnunni og allir velkomnir - alltaf.

Ókeypis fyrir sex ára

Það kostar ekkert að senda sex ára börn í íþróttaskóla í Breiðholti vegna þess að íþróttaskóli í fyrsta bekk í hverjum grunnskóla er samstarfsverkefni ÍBR, frístundaheimilanna (ÍTR) og ÍR. Tímarnir eru sem næst í beinu framhaldi af skóla og eru 2 x 40 mín. í viku. Þau börn sem eru á frístundaheimilunum fara með starfsfólki þaðan út í sitt íþróttahús en önnur börn í 1. bekk þurfa foreldrar að skrá sérstaklega í ÍR. Nánari upplýsingar gefur Sigrún Gréta íþróttafulltrúi ÍR í síma 587-7080 sigrun@irsida.is

Safna gömlum farsímum og fartölvum

Skíðadeild ÍR hyggst hefja nýstárlega fjáröflun sem felst í því að safna gömlum fartölvum og GSM sínum sem ekki eru lengur í notkun á heimilum og fyrirtækjum í Seljahverfi og Neðra Breiðholti. Skíðadeildin fær greitt fyrir þau tæki sem safnast en þau eru flutt út í endurnýtingu. Fyrirtækið Græn framtíð annast flutning á tækjunum til viðurkenndra endurvinnslufyrirtækja erlendis sem tryggja endurnýtingu á þeim með ábyrgum hætti. Heilir símar og fartölvur verða nýttir áfram í þróunarlöndum og íhlutir úr ónýtum tækjum verða nýttir í annan búnað. Þá verður spilliefnum úr þeim eytt með löglegum hætti.

Félagar í skíðadeildinni munu á næstu dögum ganga í hús og safna búnaði sem er ekki lengur í notkun og vonast þeir til þess að íbúar í Seljahverfi og Neðra Breiðholti taki vel á móti þeim; styrki deildina og stuðli að gömul raf-tæki öðlist framhaldslíf. Einnig er hægt að hafa samband í email elistef@simnet.is og munu félagar úr skíðadeildinni sækja gömlu gsm símanna eða fartölvunnar ef þess er óskað.

Heimasíða ÍR

er

www.irsida.is

Leikir ÍR: Meistararaflokkur karla í körfuknattleik 2009 - 2010

Dagur	Tími	Völlur	Leikur
Fim. 15. okt.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - UMFN
Sun. 18. okt.	19.15	Kennaraháskólinn	KR - ÍR
Fim. 22. okt.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - Hamar
Fim. 29. okt.	19.15	Smárin	Breiðablik - ÍR
Sun. 1. nóv.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - Stjarnan
Fös. 13. nóv.	19.15	Keflavík	Keflavík - ÍR
Fös. 20. nóv.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - Snæfell
Sun. 22. nóv.	19.15	Iða	FSu - ÍR
Sun. 29. nóv.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - Fjölnir
Fös. 4. des.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - Tindastóll
Fös. 18. des.	19.15	Grindavík	UMFG - ÍR
Mán. 11. jan.	19.15	Njarðvík	UMFN - ÍR
Fös. 15. jan.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - KR
Sun. 24. jan.	19.15	Hveragerði	Hamar - ÍR
Fim. 4. feb.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - Breiðablik
Sun. 7. feb.	19.15	Ásgarður	Stjarnan - ÍR
Sun. 14. feb.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - Keflavík
Fim. 25. feb.	19.15	Stykkishólmur	Snæfell - ÍR
Fös. 5. mar.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - FSu
Fös. 12. mar.	19.15	ÍM Grafarvogi	Fjölnir - ÍR
Mán. 15. mar.	19.15	Sauðárkrókur	Tindastóll - ÍR
Fim. 18. mar.	19.15	Kennaraháskólinn	ÍR - UMFG

.....

Leikir ÍR: Meistararaflokkur karla í handknattleik 2009 - 2010

Dagur	Tími	Völlur	Leikur
Lau. 17. okt.	13.30	Vestmannaeyjar	ÍBV - ÍR
Sun. 25. okt.	15.30	Austurberg	ÍR - Þróttur
Þri. 3. nóv.	19.30	Varmá	Afturelding - ÍR
Sun. 15. nóv.	15.30	Austurberg	ÍR - Fjölnir
Fös. 20. nóv.	19.30	Selfoss	Selfoss - ÍR
Fös. 27. nóv.	19.30	Víkin	Víkingur - ÍR
Lau. 5. des.	13.30	Austurberg	ÍR - ÍBV
Fim. 10. des.	18.30	Laugardalshöll	Þróttur - ÍR
Sun. 24. jan.	15.30	Austurberg	ÍR - Afturelding
Fös. 5. feb.	20.00	ÍM Grafarvogi	Fjölnir - ÍR
Þri. 9. feb.	19.30	Austurberg	ÍR - Selfoss



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109

Velkomin til okkar í Mjóddina



Við tökum vel á móti þér

Að undanfögnu höfum við kynnt úrræði og lausnir sem hafa meðal annars verið byggðar á ábendingum viðskiptavina með það að markmiði að auðvelda þeim að taka upplýstar ákvarðanir um fjármál heimilisins.

Komdu í heimsókn þegar þér hentar og kynntu þér það sem við höfum að bjóða.

Starfsfólk Íslandsbanka í Mjódd